

aptur, skyldi 160 kr. af þeim ganga til vatnsveitinga í Staðarbyggðarmýrum, en hinum 40 kr. skyldi bæta við styrkinn handa Guttormi Vigfússyni, svo hann yrði 200 kr. **105**  
9. ágúst

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa sýslu- nefnd.* Eptir málavöxtum þeim, er þjer hafid frá skýrt, herra landshöfðingi, í þóknan- legu brjefi yðar 28. júní þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega veitt umboð til að veita Borgarfjarðarsýslu lán úr viðlagasjóði landsins, er nemi 1000 kr., til þess að afstýra hallæri í Akraneshreppi á vetri þeim, er í hönd fer, og skal greiða 4 af hundræði í vöxtu af lánsfje þessu, og endurborga það á tveggja ára fresti. **106**  
14. ágúst.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um endurborgun á innskriptargjaldi frá vesturförum.* **107**  
16. ágúst.

Þjer hafid, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef með fylgiskjali frá hreppsnefnd- inni í Þistillfirði um endurborgun á innskriptargjaldi Snorra bónda Jónssonar á Svalbarði og Stefáns bónda Kristjánssonar á Eyvindarstöðum í Kelduhverfi. Höfðu báðir þessir menn ætlað sjer til Vesturheims með fjölskyldu sína og sent L. Jensen gestgjafa inn- skriptargjaldið, en þegar til kom, hættu þeir við að fara, af því þá vantaði farareyri þann, sem með þurfti auk innskriptargjaldsins. Álitid þjer ísjárvert fyrir landsstjórnina, að hlutast til um þetta mál, þar sem það var nefndum bændum sjálfum að kenna, að ekkert varð úr hinni fyrirhuguðu Vesturheimsferð, og með því jeg verð að vera yður samdóma um þetta, bið jeg yður að tjá hlutadeigöndum, að jeg sjái mjer ekki fært að skipta mjer neitt af þessu máli.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjár- rekstra yfir takmörk kláðasvæðisins.* — Þrátt fyrir óþrif þau, er komid hafa fram allvíða á kláðasvæðinu síðastliðinn vetur og vor, virðist hið almenna heilbrigð- isástand fjárins í hinum kláðagrunuðu sveitum vera svo, að ástæða sje til að veita hinar sömu undanþágur sem veittar voru í fyrra haust, frá banni mínu 18. marz f. á. gegn fjár- rekstrum og fjárlutningum yfir takmörk kláðasvæðisins, en þau eru að vestan og norðan Hvítá í Borgarfirði upp að Deildargili, Deildargil og Kaldidalur, en að austan Brúará, Hvítá og Ölvesá. **108**  
29. ágúst.

Fyrir því skal hjer með leyft að reka fje eða flytja til skurðar yfir greind takmörk, með þeim nákvæmari skilyrðum, sem til eru tekin í auglýsingu landshöfðingja frá 9. sept. f. á. um undanþágur undan fjárrekstrabanni (Stjórnartíð. 1876 B. 100). Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um end- urgreiðslu sveitarstyrks.* — Með úrskurdi yðar, herra amtmaður, frá 4. nóvbr. f. á., er hreppsnefndin í Álptaneshreppi hefir áfrýjað, er hún skylduð til að end- urgjalda bæjarsjóði Reykjavíkuraupstaðar kostnaðinn við sjúkdómslegu Sesselju Tómas- dóttur í sjúkrahúsinu í Reykjavík veturinn 1875—76, alls 153 kr. 38 a. **109**  
11. sept.

Áminnstri Sesselju var eptir áskoron hjeradslæknisins komid á sjúkrahúsið 20.